

Félagsvísindasvið



HAGFRÆÐIDEILD

www.hag.hi.is



UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS

ÁVARP

Oft er þeirri fullyrðingu slegið fram að Ísland sé á mörkum hins byggilega heims. Þrátt fyrir það eru tekjur á mann óvída hærrí en á Íslandi. Tækniþróun 20. aldarinnar gerir okkur kleift að nýta afar verðmætar auðlindir á landi, í iðrum jarðar og úti á sjó sem forfeður okkar höfðu afar takmarkaðan aðgang að. Banka- og efnahagshrunið sem dundi yfir árið 2008 hefur opnað augu Íslendinga fyrir því að það er ekki lengur árangur í glímunni við óblíð náttúruöfl sem skapar okkur örlög. Nú er það glíman við að byggja upp hagkerfi sem heldur efnahagslegum eyðingaröflum í skefjum og virkjar einstaklingana til jákvæðrar uppbyggingar. Þetta á við á öllum sviðum, hvort heldur er um að ræða opinbera stjórnsýslu, opinberar eftirlitsstofnanir eða á sviði atvinnulífsins. Hagfræðirannsóknir og

hagfræðileg umræða er og verður í lykilhlutverki í því endurmati og endurskipulagningu sem almenningur kallar eftir á sviði þjóðlífs og atvinnulífs. Hagfræðideild Háskóla Íslands mun ekki láta sitt eftir liggja í þessum efnum.



Kennsla í hagfræði við Háskóla Íslands stendur á sterkum grunni. Hagfræði hefur verið kennd við háskólann allt frá því Viðskiptadeild var stofnuð árið 1962 og reyndar allar götur frá stofnun laga- og Hagfræðideildar skólans árið 1941.

Kennsla til BS prófs í hagfræði hófst árið 1988. Mikil reynsla er komin af BS náminu en skipulag þess hefur í aðalatriðum haldist óbreytt þau ár sem liðin eru. Einnig er kennt til BA prófs, en það gefur nemendum færi á að velja sér aukagrein, svo sem lögfræði eða stjórnmálafræði og breikka með því námið. Þeir sem vilja dýpka skilning sinn enn frekar en hægt er í BA eða BS náminu geta valið sér námsbrautir á meistarastigi, bæði í almennri hagfræði, í fjármálahagfræði og heilsuhagfræði. Markmið bæði BS og MS náms í deildinni er að veita nemendum góðan undirbúning í hagfræði, stærðfræði og tölfraði en gefa jafnframt möguleika á sérhæfingu í öðrum greinum sem falla að áformum nemenda um framtíðarnám og störf. Þannig gerir skipulag BS námsins ráð fyrir því að nemendur taki sjö valgreinar, þar af þrjár utan deildar. MS nám í hagfræði gefur einnig kost á fjölda valnámskeiða. MS nám í heilsuhagfræði gerir nemendum kleift að sérhæfa sig í stjórnun heilbrigðisstofnana, lýðheilsu, öldrunar- og velferðarmálum og lyfjamálum, svo nokkur svið séu nefnd. Menntun í Hagfræðideildinni mun þannig gagnast einstaklingum í hinum ýmsu atvinnugreinum; frá blaðamennsku til reksturs fyrirtækja, frá kennslu til starfa innan fjármálafyrirtækja, frá rannsóknum til opinberrar stjórnsýslu.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að slaka ekki á kröfum til BS, BA og MS nema. Árangur þessa má sjá í góðri frammistöðu fyrrverandi nema við erlenda háskóla sem og á vinnumarkaði. Þeir sem hafa útskrifast með BS og BA próf hafa átt greiða leið í framhaldsnám við framúrskarandi háskóla erlendis. Þeir sem leita beint á vinnumarkað búa að góðri þekkingu í hagfræði, tölfraði, fjármálum og reikningshaldi og eru því mjög samkeppnishæfir, innanlands sem utan.

Endurskipulagning efnahagslífsins og endurbætur í íslenskrí stjórnsýslu munu skipa háan sess í þjóðfélagi okkar á næstu árum og áratugum. Menntun í Hagfræðideild Háskóla Íslands er greiðasta leiðin til þátttöku, rannsókna og skilnings á hagkerfi okkar og er jafnframt aðgöngumiði að framhaldsnámi í hérlendum skólum og erlendum.

Pórolfur Matthíasson
Deildarforseti



Kennarar

Ásgeir Jónsson, Ph.D., lektor, sérgrein: þjóð- og fjármálahagfræði
Birgir Þór Runólfsson, Ph.D., dósent, sérgrein: rekstrar- og stofnanahagfræði
Brynhildur Davíðsdóttir, Ph.D., dósent, sérgrein: umhverfisfræði
Daði Már Kristófersson, Ph.D., lektor, sérgrein: umhverfishagfræði
Freyr Hermannsson, M.Sc., aðjúnkt, sérgrein: fjármálahagfræði
Guðmundur Magnússon, Ph.D., prófessor emeritus í þjóðhagfræði
Gylfi Zoega, Ph.D., prófessor, sérgrein: þjóð- og vinnumarkaðshagfræði
Helgi Tómasson, fil.dr., dósent, sérgrein: hagrannsóknir, líkinda- og tölfraði
Hersir Sigurgeirsson, Ph.D., lektor, sérgrein: fjármálahagfræði
Ragnar Árnason, Ph.D., prófessor, sérgrein: auðlinda- og rekstrarhagfræði
Sigurður Jóhannesson, Ph.D., aðjúnkt, sérgrein: alþjóðaviðskipti
Sigurður Snævarr, M.Sc., aðjúnkt, sérgrein: haglýsing Íslands
Sveinn Agnarsson, Ph.D., aðjúnkt, sérgrein: rekstrar- og auðlindahagfræði
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Ph.D., lektor, sérgrein: heilsuhagfræði
Tór Einarsson, Ph.D., prófessor, sérgrein: þjóð- og peningamálahagfræði
Þorvaldur Gylfason, Ph.D., prófessor, sérgrein: þjóðhagfræði
Þórolfur Matthíasson, Ph.D., prófessor, sérgrein: rekstrar- og vinnumarkaðshagfræði

Gestakennarar

Anna Gunnþórsdóttir
Australian Graduate School of Management, gestadósent,
sérgrein: tilraunahagfræði

Rögnvaldur Hannesson
Norwegian School of Economics and Business Administration, gestaprófessor,
sérgrein: auðlindahagfræði

Doktorsnemar

Axel Hall, þjóðhagfræði
Bala Murughan Kamallakharan, fjármálamarkaður
Eyjólfur Sigurðsson, vinnumarkaður
Haukur Freyr Gylfason, heilsuhagfræði
Jón Helgi Egilsson, peningamálahagfræði
Kristín Eiríksdóttir, auðlindahagfræði
Ólafur Ísleifsson, þjóðhagfræði
Vífill Karlsson, byggðahagfræði
Xiaojie Nie, auðlindahagfræði

Hagfræðistofnun

Jónas H. Haralz, Dr. honoris causa
Sigurður Jóhannesson, sérfræðingur, Ph.D.
Sveinn Agnarsson, forstöðumaður, Ph.D.

Grunnnám í hagfræði

Ráðgjafi BS nema í hagfræði um skipulagningu náms innan skóla og erlendis og um reglur og val leiðbeinanda við BS ritgerð er Tór Einarsson, prófessor (tor@hi.is).

Ráðgjafi BA nema í hagfræði um skipulagningu náms innan skóla og erlendis, um reglur og val leiðbeinanda við BA ritgerð er Birgir Þór Runólfsson, dósent (bthru@hi.is).

BS nám í hagfræði (180e)

Umsjón: Þórólfur Matthíasson
totimatt@hi.is sími 525 4530

Háskóli Íslands hefur boðið upp á BS nám í hagfræði frá því árið 1988. Námið hefur sannað sig í árunna rás, bæði sem þjálfun fyrir störf á vinnumarkaði og einnig, og ekki síður, sem undirbúningur fyrir framhaldsnám í hagfræði og fjármálum. Fyrirverandi nemendur hafa lokið framhaldsnámi við marga af bestu háskólum Bretlands, Frakklands og Bandaríkjanna, svo dæmi séu tekin.

BS nám í hagfræði hentar vel nemendum sem ætla að leggja fyrir sig störf sem hagfræðingar við ráðgjöf, rannsóknir á sviði efnahagsmála og ýmiss konar störf sem krefjast sérfræðipækkingar. Unnt er að skipuleggja námið á þann hátt

að fjármál verði sérsvið með hagfræðinni. Slíkt nám er mjög góður undirbúningur fyrir störf í fjármálagæiranum.

Kjarni námsins felst í þremur námskeiðum í þjóðhagfræði, fjórum í rekstrarhagfræði, þremur í hagrannsókn, þremur í stærðfræði og tveimur í tölfraði. Nemendur geta jafnframt valið sér fjölmörg námskeið á sviði hagfræði, fjármálafræði og almennrar viðskiptafræði. Markmið námsins er að undirbúa nemendur nægilega vel í hagfræði, stærðfræði og tölfraði til þess að þeir geti tekist á við krefjandi framhaldsnám, án þess að fórnað sé hagnýtum áherslum sem nýtast í fyrirtækjum á sviði fjármála og annarra viðskipta.

Skipulag BS náms í hagfræði

	Haustmisseri	Vormisseri
1. ár	Rekstrarhagfræði I Inngangur að fjárhagsbókhalddi Þjóðhagfræði I Stærðfræði I Tölfraði I	Rekstrarhagfræði II Reikningsskil Haglýsing Stærðfræði II Tölfraði II
2. ár	Fjármál I Rekstrarhagfræði III Þjóðhagfræði II Hagrannsóknir I Stærðfræði III	Fjármál II Þættir í rekstrarhagfræði Þjóðhagfræði III Hagrannsóknir II Valgrein
3. ár	Alþjóðahagfræði 4 valgreinar	Fjármál hins opinbera 2 valgreinar BS ritgerð (12 einingar)

Þeir sem hafa hug á að sérhæfa sig í fjármálum innan BS náms í hagfræði er bent á að taka eftirfarandi námskeið sem valgreinar:

Innan deildar:

- Bankar og peningar
- Stýring fjármálasafna

Utan deilar:

- Rekstrarbókhaldd
- Ársreikningagerð A
- Fjármálagæringar
- Ársreikningagerð B

BA nám í hagfræði (120e og 60e aukagrein)

Umsjón: Birgir Þór Runólfsson, dósent
bthru@hi.is sími 525 4548

BA námið veitir nemendum færi á að læra aðra námsgrein samhliða hagfræði og er því ætlað þeim sem vilja afla sér almennari menntunar. Einn helsti kostur BA námsins er mikill sveigjanleiki. Þriðjung námsins má taka í öðrum deildum. BA nemendur í hagfræði geta, svo dæmi sé tekið, valið lögfræði sem aukagrein og er þá þriðjungur námsins sóttur til lagadeildar. Einnig er unnt að velja sagnfræði, heimspeki eða stjórnmálafræði sem aukagrein, svo nokkur dæmi séu tekin.

Skipulag BA náms í hagfræði

	Haustmisseri	Vormisseri
1. ár	Rekstrarhagfræði I Inngangur að fjárhagsbókhalddi Þjóðhagfræði I Stærðfræði I eða Stærðfræði A Tölfraði I	Rekstrarhagfræði II Haglýsing Stærðfræði II eða Stærðfræði B 2 valgreinar innan deildar
2. ár	Þjóðhagfræði II Rekstrarhagfræði III Hagrannsóknir I 1 valgrein innan deildar 1 námskeið í aukagrein	1 valgrein innan deildar 1 valgrein innan Hagfræðideildar eða Viðskiptafræðideildar 3 námskeið í aukagrein
3. ár	1 valgrein innan deildar 1 valgrein innan Hagfræðideildar eða Viðskiptafræðideildar 3 námskeið í aukagrein	1 valgrein innan deildar 2 námskeið í aukagrein BA ritgerð (12 einingar)

Deildin býður upp á sex vel skilgreindar leiðir fyrir BA nema þar sem þeir taka eina eftirtalinna greina sem aukagrein: Fjölmálafræði, heimspeki, lögfræði, sagnfræði, stjórnmálafræði og viðskiptafræði.

BA nám í hagfræði með eina af ofantöldum greinum sem aukagrein veitir góða almenna undirstöðu fyrir atvinnulífið en opnar jafnframt dyr að framhaldsnámi í þessum greinum. Þannig geta tilvonandi blaðamenn fengið góðan undirbúning í BA námi í hagfræði með fjölmálafræði sem aukagrein. Slíkt nám veitir einnig góðan undirbúning fyrir framhaldsnám í fjölmálafræði.

Sjá nánar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar www.hag.hi.is.



60 eininga aukagrein í hagfræði

Nemendur í öðrum deildum sem bjóða upp á 180 eininga nám geta tekið 60 einingar í hagfræði og útskrifast með BA eða BS próf með hagfræði sem aukagrein. Námsefni er að mestu hið sama og hjá fyrsta árs nemendum sem taka hagfræði sem aðalgrein.

Hildur Sturludóttir

Gert er ráð fyrir að þeir sem ekki hafa góða stærðfræði- og tölfræðipækkingu fyrir, velji námskeið í þeim greinum. Nemendur þurfa að leggja námsáætlun sína fyrir deildarforseta Hagfræðideildar til samþykkis.

Félagslíf í Hagfræðideild

Félag hagfræðinema við Háskóla Íslands heitir Ökonomia og hefur staðið fyrir öflugu starfi í þágu nemenda um áratuga skeið. Ökonomia annast sameiginlega hagsmuni nemenda við Hagfræðideild og hefur yfirumsjón með félagsstarfi nemenda innan deildarinnar. Á vegum félagsins eru haldnir margvíslegir viðburðir yfir veturinn má þar m.a. nefna árshátíð, bjórkvöld, golfmót, hagstjórnardaginn, hagfræði-verkfræðidaginn ásamt fjölda heimsókna í fyrirtæki. Ökonomia gefur út málgagnið Hjálmar sem er ætlað að upplýsa nemendur um framgang félagsins og félagslífsins. Allar nánari upplýsingar um starf Ökonomiu eru á heimasíðu þess www.okonomia.hi.is.

Nám við erlenda háskóla

Nemendum við Hagfræðideild Háskóla Íslands stendur til boða að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla og fá það metið til eininga heima fyrir, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Deildin hvetur nemendur til að nýta sér stúdentaskiptaáætlanir í námi sínu enda stuðlar námsdvöl erlendis að aukinni viðsýni, gefur nemendum kost á að kynnst annarri menningu um leið og nemendur efla færni sína í tungumálum. Nemendur upplifa jafnframt háskólanám á öðrum forsendum þar sem kennsluaðferðir og námstækni við hina erlendu háskóla geta verið aðrar en hér heima.

Stefán Andri Stefánsson

Háskóli Íslands er aðili að nokkrum samstarfsnetum, m.a. Erasmus og Nordplus. Auk þess eru í gildi tvíhliða samningar við fjölmarga háskóla erlendis, þar á meðal í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Japan og Argentínu.

Upplýsingar fyrir umsækjendur

Umsóknir

Umsóknarfrestur í grunnnám er til og með 5. júní. Hægt er að sækja um skólavist rafrænt á www.hi.is. Nemendaskrá er opin frá kl. 10-15 alla virka daga. Umsókninni þarf að fylgja afrit af stúdentsprófsskírteini.

Inntökuskilyrði

Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi af bóknamsbraut eða sambærilegu prófi að mati deildar. Stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi, samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, telst sambærilegt stúdentsprófi af bóknamsbraut og nægir til inngöngu. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði eru á vefsíðu deildarinnar, www.hag.hi.is.

Hagnýtt undirbúningsnámskeið

Áður en nemendur hefja nám við deildina stendur þeim til boða að sækja námskeið í reikningshaldi. Námskeiðið er haldið í ágústmánuði og stendur yfir í tvær vikur.

Einingakerfi

Verðlaunahafi

Andri Stefan Guðrúnarson

Einingakerfi

Verðlaunahafi

Viðurkenningar fyrir námsárangur

Frá árinu 2001 hefur Hagfræðideild og Viðskiptafræðideild, með stuðningi Hollvinafélags deildarinnar, veitt peninga-verðlaun fyrir besta námsárangur að loknu fyrsta ári í námi. Einnig er nemandi sem nær bestum árangri við brautskráningu ár hvert veitt verðlaun Hollvinafélagsins. Upplýsingar um verðlaunahafana frá upphafi eru á heimasíðu Hagfræðideildar www.hag.hi.is.

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi


Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Umsagnir

Hildur Sturludóttir




Hagfræðideild Háskóla Íslands býður upp á krefjandi og áhugavert nám, hvort sem litið er á BS- eða BA-námið. Námið er mjög góður grunnur fyrir framhaldsnám, bæði erlendis og innanlands, en nýtist einnig vel í atvinnulífinu.

Námið er afar áhugavert en jafnframt krefjandi og ekki spillir fyrir að einvalalið kennara kennir við deildina. Þó svo að deildin sé ekki sú fjölmennasta við skólann þá er félagslífið mjög öflugt og fjöldi skipulagðra atburða mynda góðan grundvöll til að kynnst samnemendum.

Ég er mjög sátt að hafa valið nám í hagfræði, það hefur uppfyllt allar mínar kröfur og væntingar.

Andri Stefan Guðrúnarson



Hagfræðinám er öllum til góða. Námið hefur veitt mér öflugt verkfæri sem ég nýti við ákvörðunartöku í starfi og í heimilislífinu. Styrkur verkfærisins liggur fyrst og fremst í því að skilja virkni efnahagslífsins. Þar að auki hefur innsýn inn í aðrar greinar líkt og fjármál, viðskipti, lögfræði og pólitík, mikið að segja. Félagslífið er fjörugt og skipulag námsins

er gott. Þar fyrir utan eru góðir möguleikar á framhaldsnámi, sé áhugi fyrir því.

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi



Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi


Kristrún Tinna Gunnarsdóttir



Hagfræðinám við HÍ er metnaðarfullt og góður grunnur fyrir þann vettvang sem ég starfa á í dag og frekara framhaldsnám þegar þar að kemur. Námið er fræðilegt á köflum en einnig hagnýtt og veitir því fjölmörg tækifæri til að byggja á enn dýpri og víðtækari þekkingu í starfi. Boðið er upp á fjölbreytt nám og fjölmörg spennandi og ólík valnámskeið. Auk þess er deildin virt í alþjóðlegu háskólasamfélagi en starfsmenn deildarinnar hafa átt samstarf við ýmsa þekкта fræðimenn. Nám í hagfræði býður því tvímælalaust upp á mikla atvinnumöguleika að námi loknu og fjölbreytt framhaldsnám síðar meir.

Porbjörn Atli Sveinsson

Hagfræðingur hjá Arion banka. Brautskráðist með BA próf í hagfræði



BA námið veitti mér haldbæra og trausta þekkingu í hagfræði. Eftir áralanga leit af hinu eina „réttu námi“ þá fann ég þessa skemmtilegu fræðigrein sem var í senn áhugaverð og krefjandi. Hagfræðinámið náði sömuleiðis að tengja saman fræðin og atvinnulífið – sem er að mínu viti stór kostur í námi. Ekki skemmdi fyrir að deildin bíður upp á marga frábæra kennara sem ég held enn tengslum við í dag. Óhætt er að segja að hagfræðin eigi hug minn allan og mér kemur sífellt á óvart hversu námið nýtist vel í starfi mínu.

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi

Verðlaunahafi



Framhaldsnám í hagfræði

Námsleiðir í framhaldsnámi

Fjármálahagfræði · Hagfræði · Heilshagfræði · Ph.D. í hagfræði

Meistaránám í hagfræði

Ráðgjafi MS nema í hagfræði um skipulagningu náms innan skóla og erlendis og um reglur og val leiðbeinanda við gerð MS ritgerðar er Sveinn Agnarsson (sveinnag@hi.is).

MS í fjármálahagfræði (90e)

Umsjón: Ásgeir Jónsson, lektor
ajonsson@hi.is sími: 525 5248

Meistaránám í fjármálahagfræði er þriggja missera nám (90e) þar sem lögð er áhersla á samspil fjármálafræði og hagfræði. Nemendur sem hafa lokið BS prófi í hagfræði eða viðskiptafræði geta sótt um námið. Einnig þeir sem lokið hafa BS gráðu í öðrum greinum, en þeir þurfa þá að taka undirbúningsnámskeið. Ef umsækjendur hafa góðan grunn í stærðfræði þá er unnt að ljúka undirbúningsnáminu á fimm vikum síðsumars, gegn gjaldi, en annars er yfirleitt miðað við að nemendur taki fleiri námskeið á einu skólaári.

Fjármálhagfræði hentar vel þeim sem eru með góða undirstöðu í stærðfræði og vilja að námi loknu takast á við flókin viðfangsefni á sviði fjármála. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur læri að tileinka sér bæði klassíska og nýja þekkingu á því sem skiptir máli á sviði fjármála og hagfræði.

Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur vel fyrir störf á sviði áhættu-, eigna-, skulda- og fjárstýringar, greiningarvinnu á fjármálamörkuðum og verðlagningar fjármálaafurða.

Sjá nánar í kennsluskrá.

Náminu lýkur með rannsóknarritgerð sem skal vera 30 eða 60 einingar.

MS í hagfræði (90e)

Umsjón: Daði Már Kristófersson, lektor
dmk@hi.is sími: 525 4553

Námið er skipulagt sem þriggja missera nám (90e). MS nám í hagfræði er annars vegar ætlað fólki með BA eða BS próf í hagfræði og hins vegar fólki með háskólapróf í öðrum greinum, svo sem viðskiptafræði, verkfræði og lögfræði, svo nokkur dæmi séu tekin.

Þeir sem hafa háskólapróf í hagfræði geta lokið meistaránáminu á einu ári. Þeir sem hafa lokið háskólaprófi í öðrum greinum og hafa lakari undirbúning í hagfræði þurfa fyrst að ljúka fornámi í hagfræði og geta að því loknu lokið meistaránámi á einu ári. Fornáminu lýkur með prófi og þurfa nemendur að fá fyrstu einkunn (7,25) að meðaltali til að hefja MS nám í hagfræði. Ef aðsókn leyfir, er nemendum með traustan bakgrunn í stærðfræði og tölfraði boðið upp á námskeið síðsumars ár hvert, gegn gjaldi, (ágúst og september, alls fimm

vikur) í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði. Þetta á t.d. við nemendur úr verkfræðideild og raunvísindadeild. Þessir nemendur geta að þessum námskeiðum loknum hafið meistaránám á haustmiseri. Einnig er boðið upp á námskeið síðsumars í stærðfræði og tölfraði, enda sé aðsókn næg. Nemendur sem ekki þurfa að taka þessi námskeið en hafa BS/BA próf eldra en 5 ára geta haft mikið gagn af að sækja sumarnámskeiðin vilji þeir hressa upp á kunnáttu sína, enda reynir mjög á þessar greinar í meistaránáminu. Greiða þarf sérstaklega fyrir þessi námskeið.

Tilgangur meistaránáms í hagfræði er sá að búa nemendur undir margvísleg störf í þjóðfélaginu þar sem kunnáttu í hagfræði kemur að góðum notum. Þess er þó gætt að nemendur sem hyggja á doktorsnám, t.d.

við Háskóla Íslands, geti nýtt sér námið. Námskeiðin eru höfð með þeim hætti að nemendur komist í kynni við nýlegar rannsóknir í hagfræði og öðlist getu til sjálfstæðrar hugsunar og rannsóknarvinnu. Sömu­leiðis er stefnt að því að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á efnahagsmálum sem ný­­tist í störfum

Sjá nánar í kennsluskrá.

Náminu lýkur með rannsóknarritgerð sem skal vera 30 eða 60 einingar.

MS í heilsuhagfræði ^(90e)

Umsjón: Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor
ta@hi.is sími 525 5273

Námið er skipulagt sem eins og hálf­s árs nám (90e). Miðað er við að umsækjendur hafi lokið BS eða BA prófi. Ef þau próf eru í öðrum greinum en hagfræði geta nemendur sótt um skráningu í undirbúningsnámskeið í fimm vikur, sem fram fara í ágúst­mánuði. Nemendur þurfa að fá fyrstu einkunn (7,25) í undirbúningsnáminu til að fá inngöngu í MS nám. Undirbúningsnámskeið eru haldin í rekstrarhagfræði, stærðfræði og tölfræði. Greiða þarf sérstaklega fyrir þessi námskeið.

Í náminu er tekist á við áhugaverð efni innan heilsuhagfræði. Fræðasviðið fjallar um ýmsa þætti er varða heilsu; hvernig skuli framleiða hana, í hvaða magni, fyrir hvern og af hverjum til þess að hámarka hagsæld samfélagsins.

Sjá nánar í kennsluskrá.

Náminu lýkur með rannsóknarritgerð sem skal vera 30 eða 60 einingar.

	Haustmisseri	Vormisseri
Fjármálahagfræði	Fjármálatölfræði Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða Stýring eignasafna 2 valgreinar í bundnu vali	Skuldabréf 4 valgreinar í bundnu vali
Hagfræði	Þjóðhagfræði í meistaranámi I Rekstrarhagfræði í meistaranámi I Þættir í tölfræði 2 valgreinar	Þjóðhagfræði í meistaranámi II Rekstrarhagfræði í meistaranámi II Hagrannsóknir í meistaranámi 2 valgreinar
Heilsuhagfræði	Heilsuhagfræði I Kostnaðar- og nytjagreining Þættir í tölfræði 2 valgreinar	Heilsuhagfræði II Þættir í heilsuhagfræði 3 valgreinar

í fjármálastofnunum, almennum fyrirtækjarekstri, kennslu á framhaldsskólastigi og blaðamennsku, svo nokkur dæmi séu tekin. Nemendur geta þannig valið sér námskeið og lagt áherslu á aðrar greinar, svo sem fjármál og reikningshald.

Markmið námsins er að gefa nemendum góðan grunn til þess að greina hagrænt hin ýmsu mál sem tengjast heilbrigði. Auk þess er því ætlað að gera nemendur gjaldgenga í umræðum um heilsuhagfræði og stefnumótun í heilbrigðismálum.

Námið nýtist vel hverjum þeim sem hefur áhuga á heilsu eða stefnumótun í heilbrigðismálum, hvort heldur þau mál sem varða forvarnarsarf, heilbrigðiskerfið í heild sinni, rekstur heilbrigðisstofnana eða aðra heilsutengda þætti.

Þverfaglegt nám í umhverfis- og auðlindafræðum

Umhverfis- og auðlindafræði er þverfaglegt nám sem sex deildir háskólans standa að: Hagfræðideild, Félagsvísindadeild, Hugvísindadeild, Lagadeild, Raunvísindadeild og Verkfræðideild. Námsbrautinni er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um þekkingu, rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Markmið námsins er að miðla og afla þverfaglegri þekkingu á sviði umhverfis- og auðlindafræða.

Upplýsingar fyrir umsækjendur

Umsóknarfrestur um meistaranám í Hagfræðideild er til og með 15. apríl. Rafræn umsóknareyðublöð eru á vef Hagfræðideildar á www.hag.hi.is. Skrifstofan er opin alla virka daga frá 10:00-12:30 og 13:00-15:30. Allar nánari upplýsingar um námið er að finna á vef Háskóla Íslands, www.hag.hi.is.

Doktorsnám – Ph.D.

Hagfræðideild Háskóla Íslands býður upp á doktorsnám í hagfræði. Um er að ræða 180 eininga nám sem lýkur með Ph.D. gráðu. Doktorsnámið byggist að mestu á sjálfstæðum rannsóknum nemenda undir handleiðslu kennara. Ekki er boðið upp á sérstök námskeið fyrir doktorsnemendur en gert er ráð fyrir að þeir sæki þau eftir þörfum við erlenda háskóla sem deildin er í samstarfi við. Nemendur skulu hafa lokið meistara­prófi í hagfræði eða viðskiptafræði til að fá inngöngu og er afburða námsárangur áskilinn. Jafnframt er mikilvægt að fyrirhugaðar rannsóknir þeirra falli vel að áhugasviði og þekkingu kennara við deildina. Samþykki leiðbeinanda er forsenda inngöngu í doktorsnám.

Háskóli Íslands býður upp á styrki til handa efnilegum doktorsnemum. Styrkirnir nægja til framfærslu sem gerir nemendum kleift að helga sig náminu og ljúka því á skemmri tíma.

Umsagnir um framhaldsnám

Jakob Jóhannsson

Læknir á Landspítalanum



Ég starfa sem sérfræðilæknir á Landspítalanum og hef nýlokið námi í heilsuhagfræði við HÍ. Námið er mjög vel skipulagt og gefur góða innsýn inn í heilbrigðiskerfið bæði á alþjóðlega vísu en einnig kerfinu hér á landi. Helsti styrkur þess er að hægt er að velja um áherslur innan námsins þar sem hluti af námskeiðunum eru valnámskeið. Þannig valdi ég heilsuhagfræði með áherslu á stjórnun. Námið hentar öllum þeim sem starfa innan heilbrigðiskerfisins hver svo sem bakgrunnur þess er en ekki síst þeim sem vilja kynnast því en standa utan þess.

Slík þekking:

- Auðveldar nemendum að greina og skilja orsakir og afleiðingar helstu umhverfisvandamála samtímans og hvaða leiðir eru vænlegar til úrbóta.
- Stuðlar að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda miðað við forsendur náttúru og lífríkis, efnahagslífs og samfélags.

Maestro, félag meistaranema

Maestro er nemendafélag meistaranema við Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild Háskóla Íslands. Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunamálum meistaranema í deildunum og stuðla m.a. að faglegri umræðu meðal félagsmanna með fundum og útgáfu fréttabréfs. Á hverju ári eru skipulagðir ýmsir viðburðir á vegum félagsins, má þar nefna skipulagðar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir þar sem nemendur fá gott tækifæri til þess að tengja saman fræðin og atvinnulífið. Allar nánari upplýsingar um félagið eru heimasíðu félagsins, www.maestro.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD

Gimli
v/ Sæmundargötu
101 Reykjavík

Sími 525 4500
Fax 552 6806

gimli@hi.is
www.hag.hi.is

